

## Útdráttur

Ritgerð þessi er lokaverkefni til B.ed. gráðu við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Hér er skoðað hvernig tungumál barna þróast og hvort vinna þurfi markvisst með móðurmál og orðaforða í leikskóla. Einnig er skoðað hvaða kennsluaðferðum kennarar gætu beitt til þess að nám verði ekki íþyngjandi fyrir börn á þessu fyrsta skólastigi.

Í leikskóla er stutt við alhliða þroska barna og leitast við að auka hann eins og kostur er, þar á meðal málþroskann. Leikurinn er í fyrirrúmi í leikskólastarfi og ætti efling málþroska barna að vera rauður þráður í því starfi. Móðurmálið er undirstaða alls náms barna. Málið nota þau til boðskipta og tjá þannig hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir. Ýmislegt bendir til þess að á síðustu árum hafi orðaforði barna og skilningur á hugtökum og orðasamböndum farið minnkandi. Mikilvægt er því að efla málþroska barna og auka orðaforða þeirra og málskilning. Niðurstaða þessa verkefnis er sú að þetta sé best að gera með markvissum hætti í gegnum leik og skapandi starf. Þannig ná börn góðu valdi á tungumálinu og eru betur í stakk búin að takast á við formlegt nám.

Leikur er aðal náms- og þroskaleið barna. Í gegnum leikinn öðlast þau skilning á umhverfi sínu og læra að vinna úr eigin reynslu. Börn þurfa því fjölbreytilegt og lærdóms hvetjandi leikumhverfi þar sem leikurinn markast af þroska þeirra, bakgrunni og uppeldisumhverfi.

Í leik læra börn nýja færni, tjá tilfinningar sínar og fá útrás fyrir þær. Börn læra með því að takast á við hlutina, nýta reynslu sína og nám sitt byggja þau á einhverju sem þau þekkja. Það skiptir því miklu máli að í námi barna sé samfella og sveigjanleiki og að það sé alltaf gengið út frá því hvað sé barninu fyrir bestu.